

Miðvikudaginn 23. október 1968.

Nr. 36/1968. **Ragnar Sigurðsson**

(Þorvaldur Lúðvíksson hrl.)

gegn

Guðmundi Jakobssyni og gagnsök

(Ármann Jónsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Vinnuslys. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 26. febrúar 1968, að fengnu áfrýjunarleyfi sama dag. Hann naut gjafvarnar í málinu í héraði. Krefst hann sýknu af kröfum gagnáfrýjanda og málskostnaðar úr hendi hans í héraði, eins og málið væri eigi gjafvarnarmál, og svo málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi hefur áfrýjað málinu með stefnu 28. febrúar 1968. Hann hafði gjafsóknarleyfi í héraði og hefur verið veitt gjafvarnarleyfi hér fyrir dómi. Gerir hann þær dómkröfur, að aðaláfrýjandi verði dæmdur til að greiða honum kr. 553.681.00 ásamt 6% ársvöxtum frá 15. september 1955 til 22. febrúar 1960, 7% ársvöxtum frá þeim degi til 1. janúar 1965, 6% ársvöxtum frá þeim degi til 1. janúar 1966 og með 7% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og svo málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, eins og málið væri eigi gjafsóknarmál.

Málsatvikum er skilmerkilega lýst í héraðsdómi. Samkvæmt þeim rökum, sem þar eru rakin, þykir bera að skipta fébótaábyrgð vegna slyssins. Þegar litið er til málavaxta, þykir rétt, að gagnáfrýjandi beri tjón sitt að $\frac{2}{5}$ hlutum sjálfur, en aðaláfrýjandi bæti honum það að $\frac{3}{5}$ hlutum.

Hinn 17. október 1968 hefur K. Guðmundur Guðmundsson, cand. act., endurskoðað fyrri örorkutjónsreikning fyrir gagnáfrýjanda. Er þar höfð hliðsjón af kauplagsbreytingum síðustu ára, en tæknilegur reikningsgrundvöllur er hinn sami og í fyrra reikningi, að öðru leyti en því, að byggt er á 7%

ársvöxtum. Verðmæti vinnuteknaþaps gagnáfrýjanda telur tryggingafræðingurinn vera kr. 407.556.00.

Tjón gagnáfrýjanda þykir hæfilega metið í héraðsdómi, samtals kr. 330.750.00, er frá hafa verið dregnar greiðslur Tryggingastofnunar ríkisins. Ber að dæma aðaláfrýjanda til að greiða 60% þessarar fjárhæðar, þ. e. kr. 198.450.00.

Staðfesta ber ákvæði héraðsdóms um upphafstíma vaxta og vaxtahæð. Þá ber og að staðfesta málskostnaðarákvæði héraðsdóms.

Aðaláfrýjandi greiði kr. 27.440.00 í málskostnað fyrir Hæstarétti. Af þeim hljóti talsmaður gagnáfrýjanda kr. 25.000.00 og gagnáfrýjandi sjálfur kr. 2.440.00.

D ó m s o r ð :

Aðaláfrýjandi, Ragnar Sigurðsson, greiði gagnáfrýjanda, Guðmundi Jakobssyni, kr. 198.450.00 ásamt 7% ársvöxtum frá 13. ágúst 1961 til 1. janúar 1965, 6% ársvöxtum frá þeim degi til 1. janúar 1966 og með 7% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags.

Ákvæði héraðsdóms um málskostnað eru staðfest.

Aðaláfrýjandi greiði málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 27.440.00. Af þeim hljóti talsmaður gagnáfrýjanda, Ármann Jónsson hæstaréttarlögmaður, kr. 25.000.00 og gagnáfrýjandi sjálfur kr. 2.440.00.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

S é r a t k v æ ð i

Gizurar Bergsteinssonar hæstaréttardómara.

Gagnáfrýjandi, sem er fæddur 29. nóvember 1941, var í sumarvinnu á búi aðaláfrýjanda sumurin 1954 og 1955. Aðaláfrýjandi eignaðist Farmall-dráttarvél sumarið 1954. Lærði gagnáfrýjandi þá að stjórna henni, og fórst honum það vel. Sláttuvél keypti aðaláfrýjandi í júlí 1955, og var hún tengd við dráttarvélina. Var drifhjólábúnaður sláttu-

vélarinnar aftast á dráttarvélinni, þ. e. tvö hjól, hið efra og minna um einn metra frá jörðu, en hitt um hálfan metra. Hjól þessi eru tengd með reim og í sambandi við svokallaða hlaupastelpu og ljá sláttuvélarinnar. Snerist hjólabúnaðurinn, þá er dráttarvélin var í gangi og tengd sláttuvélinni. Yfir hjólabúnaðinum var hlíf, en hann var óvarinn, þá er staðið var aftan við dráttarvélina. Gagnáfrýjandi sló með vélum þessum sumarið 1955 frá því í júlí og fram í miðjan september. Þá er hann var við slátt 15. september 1955, þurfti hann að stíga af dráttarvélinni til að hreinsa mosa úr greiðu sláttuvélarinnar, en lét vélnar ganga á meðan. Hugðist hann síðan stíga á dráttarvélina aftan frá yfir drifhjólabúnaðinn. Lenti hægri hönd hans þá inn á milli reimar og efra hjóls og sat þar föst. Gagnáfrýjanda tókst að stöðva vélnarar og kallaði á hjálparfólk til að losa höndina, sem lemstraðist.

Gagnáfrýjandi höfðaði mál þetta með stefnu 13. ágúst 1965, þ. e. um mánuði fyrir lok fyrningarfrests. Gagnaöflun í málinu hefur eigi verið rækileg, enda langt um liðið frá því slysið varð. Eins og skýrslum málsins er háttað, verður eigi fullyrt, að aðaláfrýjandi hafi vanrækt að áminna gagnáfrýjanda um að viðhafa varúð við vélar þær, sem um er að tefla. Eigi var bann í lögum við því, að menn á aldri gagnáfrýjanda stjórnðu slíkum vélum. Gagnáfrýjandi stjórnaði nefndri dráttarvél og sláttuvél yfir hálfan annað mánuð. Fór honum sú stjórn vel úr hendi fram að slysdegi. Hann var hátt á fjórtánda ári, þá er hann lemstraðist. Mátti hann því fullvel vita, að stórhættulegt var að stíga á dráttarvélina aftan frá, þá er drifhjólabúnaður hennar var í gangi. Var þetta gáleysi hans og óhapp meginorsök slyssins. En nú er kunnara en frá þurfi að segja, að ungir og aldnir viðhafa tíðum flumbruhátt í umgengni sinni við vélar. Að svo vöxnu máli hefði það verið eðlileg öryggisráðstöfun að umlykja hjól og reim dráttarvélarinnar með hlíf að aftan. Aðaláfrýjanda var að visu nokkurt vorkunnarmál, þótt hann hefist ekki handa í þessu efni, þar sem hann kunnir litt til véla. En allt að einu verður hann, sem fól ungmenni stjórn

vélanna, að bera okkra ábyrgð á slysi gagnáfrýjanda, sem rekja má að öðrum þræði til ófullnægjandi öryggisbúnaðar á vélunum.

Með skírskotun til þess, sem nú var sagt, er rétt að gagnáfrýjandi beri tjón sitt sjálfur að $\frac{3}{5}$ hlutum, en aðaláfrýjandi bæti honum það að $\frac{2}{5}$ hlutum.

Tjón gagnáfrýjanda þykir hæfilega metið í héraðsdómi, samtals kr. 330.750.00, þá er frá hafa verið dregnar greiðslur Tryggingastofnunar ríkisins. Ber að dæma aðaláfrýjanda til að greiða gagnáfrýjanda 40% þessarar fjárhæðar, þ. e. kr. 132.300.00.

Staðfesta ber ákvæði héraðsdóms um upphafstíma vaxta og vaxtahæð. Einnig ber að staðfesta málskostnaðarákvæði héraðsdóms.

Aðaláfrýjandi greiði kr. 22.440.00 í málskostnað fyrir Hæstarétti. Af þeim hljóti talsmaður gagnáfrýjanda kr. 20.000.00 og gagnáfrýjandi sjálfur kr. 2.440.00.

Dómsorð:

Aðaláfrýjandi, Ragnar Sigurðsson, greiði gagnáfrýjanda, Guðmundi Jakobssyni, kr. 132.300.00 ásamt 7% ársvöxtum frá 13. ágúst 1961 til 1. janúar 1965, 6% ársvöxtum frá þeim degi til 1. janúar 1966 og ásamt 7% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags.

Ákvæði héraðsdóms um málskostnað eru staðfest.

Aðaláfrýjandi greiði málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 22.440.00. Af þeim hljóti talsmaður gagnáfrýjanda, Ármann Jónsson hæstaréttarlögmaður, kr. 20.000.00, og gagnáfrýjandi sjálfur kr. 2.440.00.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur aukadómþings Árnessýslu 18. ágúst 1967.

Ár 1967, föstudaginn 18. ágúst, var í aukadómþingi Árnessýslu, sem haldið var í skrifstofu hæstaréttarlögmanns Gunnars M. Guðmundssonar í Reykjavík af sýslumanni Páli Hallgrímssyni

og meðdómsmönnum Gunnari M. Guðmundssyni hæstaréttarlögmanni og Jóhannesi Zoëga verkfræðingi, kveðinn upp dómur í málinu nr. 24/1965: Guðmundur Jakobsson gegn Ragnari Sigurðssyni, en mál þetta var þingfest 31. ágúst 1965 og tekið til dóms að afloknum munnlegum málflutningi hinn 12. júlí 1967.

Mál þetta hefur Guðmundur Jakobsson verkamaður, Álfhólsvegi 111, Kópavogi, höfðað fyrir aukadómpingi Árnassýslu gegn Ragnari Sigurðssyni bónda, Þúfu, Ölfushreppi, Árnassýslu, til heimtu skaðabóta að fjár hæð kr. 585.750.00 með 7% ársvöxtum frá 15. september 1955 til greiðsludags og málskostnaðar eftir mati dómsins. Í greinargerð hefur stefnandi gert þá breytingu á kröfugerðinni, að stefnufjárhæðin er lækkuð í kr. 553.681.00 og krafizt 6% ársvaxta frá 15. september 1955 til 22. febrúar 1960, 7% ársvaxta frá þeim degi til 31. desember 1964 og 6% ársvaxta frá þeim degi til greiðsludags. Málskostnaðarkrafa er þar óbreytt.

Með bréfi dómsmálaráðuneytisins, dags. 26. nóvember 1965, var stefnanda veitt gjafsókn í málinu og Ármann Jónsson hæstaréttarlögmaður skipaður til að flytja málið fyrir hann.

Með bréfi ráðuneytisins, dags. 4. maí 1966, var fallizt á, að Andrés Valdimarsson, cand. jur., flytti málið fyrir gjafsóknarhafa sem prófmál sitt. Við munnlegan fltuning málsins var krafizt málskostnaðar, eins og málið væri eigi gjafsóknarmál.

Stefndi krefst sýknu af kröfum stefnanda og málskostnaðar að skaðlausu, eins og málið væri eigi gjafvarnarmál, en með bréfi dómsmálaráðuneytisins, dags. 12. júlí s.l., var honum veitt gjafvörn í málinu og Þorvaldur Lúðvíksson hæstaréttarlögmaður skipaður til að flytja málið fyrir hann.

Jafnframt var fallizt á með bréfi ráðuneytisins s. d., að Erlingur Bertelsson, cand. jur., flytti málið fyrir gjafvarnarhafa sem prófmál sitt.

Tildrög máls þessa eru þau, að sumarið 1955 var stefnandi í sumardvöl hjá stefnda að Þúfu í Ölfusi.

Stefnandi var þá 13 ára gamall og vann á búi stefnda. Hinn 15. september um haustið var hann að fyrirlagi húsbónda síns að slá á engjum með vélsláttuvél, sem tengd var við Farmal Cup dráttarvél. Settist mosi fyrir greiðu sláttuvélarinnar, svo að stefnandi varð að stöðva dráttarvélina til þess að hreinsa mosann frá greiðunni.

Í þessu skyni ók hann dráttarvélinni fyrst aftur á bak til að losa greiðuna úr mosanum, steig síðan niður af dráttarvélinni

án þess að taka sláttuvélina úr sambandi, gekk að greiðunni og hreinsaði hana, en hugðist að því búnu setjast aftur í ekilssætið á dráttarvélinni. Hugðist hann stíga upp í dráttarvélina aftan frá, svo sem vani hans var, en aftast á henni, allmiklu neðar en ekilssætið, er drifhjólaútbúnaður sláttuvélarinnar. Eru það 2 hjól, hið efra og minna í um eins metra hæð frá jörðu, en hið neðra u. þ. b. hálfum metra neðar beint undir hinu. Hjól þessi eru tengd með reim, en þau eru í sambandi við svokallaða hlaupastelpu og ljá sláttuvélarinnar. Snýst þessi hjólaútbúnaður, þegar dráttarvélin er í gangi og tengd sláttuvélinni. Yfir hjólunum og reiminni er skermur eða hlíf umbúnaði þessum til hlífðar. En þegar staðið er aftan við dráttarvélina, eru hjól þessi og reim algerlega óvarin.

Nú vikur frásögninni aftur að stefnanda. Hann lagði vinstri hönd á aurhlíf, sem er innanvert og ofan til við vinstra afturhjól dráttarvélarinnar. Með hægri hendi ætlaði hann að taka í ekilssætis og vega sig þannig upp í það, um leið og hann stigi á dráttararbeizli vélarinnar. En þá tókst svo hrapallega til, að hægri hönd hans, sem klædd var vettlingi, fór inn á milli reimarinnar og efra hjólsins og klemmdist föst. Tókst stefnanda að ná til bezingjafarinnar, sem hann kippti til sín. Fór vélin þá úr gangi. Stefnandi gat ekki af eigin rammleik losað höndina, en honum tókst að kalla sér til hjálpar fólk, sem var á engjum skammt frá. Við slys þetta hlaut stefnandi mikil lemstur á hægri hönd.

Umrætt slys var á engan hátt rannsakað á sínum tíma, og stefnandi virðist ekki hafa gert reka að heimtu bóta fyrir tjón sitt af völdum þess, fyrr en til málssóknar kom. Eftir höfðun málsins hafa báðir málsaðiljar gefið skýrslur fyrir dómi um málavexti. Verður nú rakið hið helzta, sem fram kemur í þessum skýrslum og eigi er þegar greint frá í atvikalýsingunni hér að framan, en hún er byggð á frásögn stefnanda, auk þess sem til hliðsjónar voru myndir af sams konar tækjum og um ræðir.

Stefnandi kannast við að hafa vitað um umrædda vélarreim, en hann hafi ekki haft hugann við hana, er hann var að stíga upp í ekilssætið. Hann kveður stefnda ekkert hafa leiðbeint sér um notkun vélarinnar, enda viti hann eigi til, að stefndi hafi neitt kunnað með sláttuvélina að fara. Hafi hún verið nýkomin á búið, er slysið varð. Stefnandi kveðst ekki hafa haft umsamið kaup fyrir vinnu sína hjá stefnda, en stefndi muni hafa greitt honum kr. 1.500.00 til 2.000.00 fyrir sumarið auk fæðis og þjónustu. Hann kveðst einnig hafa verið í sumardvöl að Þúfu sumarið

áður. Þá hafi verið þar í notkun sláttuvél dregin af hestum og hafi stefndi slegið með henni. Sjálfur kveðst stefnandi aldrei hafa slegið með þeirri vél. Hann kveður sláttuvél þá, er um ræðir í málinu, hafa komið einhvern tíma um sumarið 1955. Minnir hann, að Siggeir bóndi á Núpum hafi komið að Þúfu og sett vélina saman og sýnt heimamönnum, hvernig ætti að nota hana. Kveðst hann eigi vita til, að stefndi hafi nokkurn tíma slegið með þessari vél og hafi það að langmestu leyti komið í sinn hlut að fara með vélina. Hafi stefndi mælt svo fyrir. Drengur hafi verið á heimilinu til snúninga á svipuðu reki og hann sjálfur og hafi það komið fyrir, að hann slægi með vélinni, en mjög sjaldan. Stefnandi kveður stefnda hafa mælt til þess eftir fyrri sumar-dvölinu á Þúfu, að hann kæmi aftur til dvalar þar næsta sumar. Sér hafi líkað dvölin á bænum mjög vel og hafi það orðið að ráði með samþykki foreldra hans. að hann réðst þangað aftur seinna sumarið. Hann kveður foreldra sína hafa komið einu sinni í heimsókn sumarið 1955 og minnir, að það hafi verið, eftir að umrædd sláttuvél var tekin í notkun á bænum. Man stefnandi ekki, hvort þá barst í tal, að hann var látinn fara með sláttuvélina.

Stefndi kveðst eigi muna með vissu, hver voru tildrög þess, að stefnandi réðst til hans sumarið 1954, en vorið 1955 hafi hann farið á fund móður stefnanda og rætt við hana um ráðningu stefnanda til starfs það sumar. Hafi hún vísað á stefnanda og hafi samizt með þeim um ráðningu hans til sumarvinnu. Stefnandi kveður umrædda sláttuvél hafa komið einhvern tíma í júlí 1955. Sláttur hafi þá verið byrjaður, en túnslætti eigi lokið. Hilmir Hinriksson, bifvélavirki í Hveragerði, og Siggeir á Núpum hafi sett vélina saman og sýnt heimamönnum, hvernig nota ætti hana. Hafi Hilmir brýnt fyrir þeim að beita fullri aðgæzlu við notkun vélarinnar. Stefnandi kveðst stundum hafa slegið sjálfur með vélinni bæði fyrir og eftir umrætt slys. Snúningadrengur á heimilinu á aldri stefnanda hafi einungis að litlu leyti verið látinn nota vélina. Hafi meðferð vélarinnar að mestu komið í hlut stefnanda, enda hafi hann sótt meira eftir því að stjórna vélinni en hinn drengurinn. Dráttarvélin, sem notuð var með sláttuvélinni, hafi komið á búið sumarið 1954 og hafi stefnandi þá sýnt, að honum fóst vel að stjórna henni. Stefnandi kannast við, að það hafi verið að sínu fyrirlagi, að stefnandi hafði á hendi stjórn sláttuvélarinnar. Sjálfur kveðst stefndi alltaf hafa þann hátt á að stíga upp á dráttarvélinu frá hlið, en ekki aftan frá. Hafi

hann talið það tryggara gagnvart slysaættu. Hann kveðst hafa verið vanur að taka ljáinn úr sambandi við dráttarvélina, er nauðsyn bar til að hreinsa greiðuna, en þá hafi reimin aftan á dráttarvélinni einnig stöðvazt. Stefndi kveðst hafa verið annars staðar á engjum, er slysið varð. Hafi Varmá skilið á milli sín og stefnanda. Stefndi skýrir að lokum svo frá, að foreldrar stefnanda hafi komið að Þúfu, eftir að nýja sláttuvélin var komin í notkun. Telur hann víst, að þeim hafi verið ljóst, að sonur þeirra stjórnaði sláttuvélinni. Hafi þau engum athugasemdum hreyft við því. Hann kveðst þó ekki muna, hvort til tals kom við foreldra stefnanda, að hann væri látinn fara með sláttuvélina.

Hér að framan hefur verið rakið í ítarlegu máli allt það, sem fram hefur komið um tildrög og atvik að umræddu slysi.

Stefnandi reisir kröfur sínar í málinu á því, að slysið varði stefnda fébótaábyrgð. Fullkominn ráðningarsamningur hafi verið milli sín og stefnda og hafi stefndi því borið gagnvart sér allar þær skyldur, sem vinnuveitandi beri gagnvart starfsmönnum sínum um forsjá, leiðbeiningar, verkstjórn, öryggisútbúnað tækja og annað þar að lútandi. Verulega hafi brostið á, að stefndi rækti skyldur sínar í þessu efni, og verði að meta honum það til stórvægilegs gáleysis að láta sig, svo ungan að aldri og reynslulítinn, annast stjórn umræddra vélknúinna tækja án eftirlits og leiðbeininga og án þess að tækin væru búin tilhlýðilegum öryggisútbúnaði, en augljós hættu hafi verið því samfara að hafa drifhjólaútbúnaðinn aftan á dráttarvélinni óvarinn.

Stefndi reisir sýknukröfu sína í fyrsta lagi á því, að slysið verði eingöngu rakið til óvarkárni stefnanda sjálfs, en búið hafi verið að brýna fyrir hinum að fara mjög gætilega við stjórn umræddra tækja og vekja athygli hans á því, að slysaætta gæti verið samfara notkun þeirra, ef eigi væri höfð í frammi full aðgæzla. Í annan stað verði slysið ekki rakið til neinnar vöntunar á öryggisútbúnaði tækjanna, þótt talið kynni að verða, að stefnandi hafi farið forsvaranlega að við stjórn tækjanna. Í þriðja lagi verði eigi að öðru leyti við hann sakast um slysið, þar sem foreldrar stefnanda hafi ráðið stefnanda til starfs þess, sem hann var að sinna, er hann slasaðist. Beri þau því fulla ábyrgð á afleiðingum þess. Við munnlegan flutning málsins var á það bent af stefnda hálfu, að engin ákvæði hafi verið í lögum um lágmarksaldur stjórnenda dráttarvéla á þeim tíma, er slysið varð. Það geti því ekki varðað hann ábyrgð út af fyrir sig, að hann lét stefnanda svo ungan að árum annast stjórn umræddra

tækja. Þá var því enn fremur hreyft við málf lutninginn, að það eigi að varða stefnanda réttarspjöllum, að eigi fór fram lögreglu-rannsókn á slysinu á sínum tíma.

Það hefur tíðkapt um mörg undanfarin ár í sveitum landsins, að unglingar fari með stjórn dráttarvéla við ýmis búskaparstörf. Kemur þar til síaukin vélvæðing í landbúnaði og skortur á vinnuafli. Engin bein ákvæði eru né hafa verið í lögum, er mæla gegn þessari skipan. Í nágildandi umferðarlögum nr. 26/1958 eru ákvæði í 1. mgr. 28. gr. um skilyrði til að mega stjórna dráttarvél. Þar er áskilið skírteini til bifreiðaaaksturs eða sérstakt skírteini, en jafnframt er tekið fram, að eigi þurfi ökuskírteini til aksturs dráttarvéla, þegar þær séu notaðar við jarðyrkjustörf. Í frumvarpinu að lögum þessum var það skilyrði, að stjórnendur slíkra tækja mættu eigi vera yngri en 15 ára. Og í athugasemdum með frumvarpinu er tekið fram, að það aldursmark sé í það lægsta, en þar eð ökutæki þessi séu tiltölulega auðveld í notkun og eigi ekki að vera á alfaraleiðum, þyki fært að taka tillit til hagsýnisástæðna, eins og komið er að orði. Greint aldursmark var fellt niður við samþykki laganna á Alþingi. Á undanförunum árum hafa allmörg slys orðið við notkun dráttarvéla, aðallega við það, að ökutækin hafa oltið.

Það má sjá fyrir ýmsar hættur samfara því að láta unglings vart af barnsaldri hafa á hendi stjórn dráttarvélar og ekki hvað sízt, þegar jafnframt er um að ræða notkun vélknúinna fylgi-tækja. Er nauðsynlegt, að vinnuveitandi, er þar á hlut að, sjái til þess, að unglingurinn fái ítarlegar leiðbeiningar um eiginleika og rétta notkun tækjanna, sé rækilega varaður við þeim hættum, sem notkun þeirra er samfara, og fylgzt sé af alúð með því, að honum farist stjórn tækjanna svo úr hendi sem til er ætlazt svo og að kappkostað sé, að allur nauðsynlegur og tiltækur öryggis-útbúnaður tækjanna sé í fyllsta lagi.

Þegar virt er það, sem fram er komið í málinu, verður að telja, að verulega hafi á það skort, að stefndi rækti skyldur sínar í þessu efni. Kennslu og leiðbeiningum í upphafi virðist hafa verið áfátt og algerlega skort eftirlit með því, að stefnandi hafði í frammi rétt vinnubrögð og nauðsynlega varúð. Þá voru hjólin og reimin aftan á dráttarvélinni svo að segja óvarin, enda þótt þess væri hægtur kostur að umlykja þennan útbúnað með hlíf. Var það sjálfsögð öryggisráðstöfun, þar sem sjá mátti fyrir verulega slyshættu að öðrum kosti.

Með skírskotun til þess, sem nú hefur verið rakið, verður eigi

komizt hjá að leggja á stefnda verulega fébótaábyrgð á umræddu slysi. Það var óvarlegt af stefnanda að stíga niður af dráttarvélinni og upp í hana aftan frá með tilliti til hinna óvörðu hjóla og reimar. Réttara hefði verið og varlegra að fara frá hlið. Þá var það mjög varhugavert að stíga niður af dráttarvélinni án þess að taka sláttuvélina áður úr sambandi. Til þessarar ógætni má rekja það, hvernig til tókst fyrir stefnanda, er hann hugðist stíga upp í vélina. Þegar metin er sök stefnanda á slysinu, ber að taka sérstakt tillit til hins unga aldurs hans.

Eins og öllum atvikum er hér háttað, þykir rétt, að stefndi beri fébótaábyrgð á tjóni stefnanda að $\frac{3}{4}$ hlutum, en sjálfur beri hann $\frac{1}{4}$ hluta tjóns síns.

Er þá komið að því að fjalla um einstaka kröfuliði.

Stefnandi sundurliðar þannig fjárhæð dómkröfu sinnar:

1. Örorkutjón	kr. 367.931.00
2. Þjáningar, lýti og röskun á stöðu og högum —	180.000.00
3. Tjón og óþægindi fyrir heimili foreldra	— 5.000.00
4. Lækniskostnaður og örorkumat	— 750.00

Kr. 553.681.00

Um lið 1. Stefnandi var fluttur heim að Þúfu af slysstaðnum. Magnús Ágústsson, héraðslæknir í Hveragerði, gerði að meiðslum hans. Samkvæmt vottorði hans, dags. 15. september 1955, reyndust meiðsli stefnanda vera sár yfir II.—V. fingri hægri handar lófamegin, og voru sundur sinar og bein.

Stefnandi var samdægurs fluttur í Landspítalann og lá þar tvívegis. Í fyrra skiptið frá slysdegi til 23. september 1955, en síðan aftur frá 7. október s. á. til 11. nóvember s. á. Upplýsingar um læknismeðferð þá, er stefnandi hlaut í sjúkrahúsinu, liggja eigi fyrir. Eftir það mun stefnandi hafa verið í æfingameðferð hjá Jóni Þorsteinssyni íþróttakennara, en ekki er vitað hve lengi.

Á árinu 1963 mætti stefnandi tvívegis til skoðunar hjá Páli Sigurðssyni tryggingayfirlækni, sem mat örorku hans af völdum slyssins. Er örorkumat dags. 21. október 1963. Þar segir m. a. á þessa leið:

„... *Skoðun:* Almennt ástand mannsins eðlilegt.

Hægri hönd: II., III., IV. og V. fingur eru skaddaðir.

Það vantar 2 kjúkur á vísifingur, og löngutöng vantar alveg. Baugfingur og litli fingur standa í 90° beygju í miðlim, og það

er enginn aktivur réttikraftur, en hægt er að rétta þá passívt. Hreyfingar í grunnliðum beggja fingranna eru 180—130 (vinstra megin 180—190). Mikið ör er yfir grunnliðum, og nær það fram milli baugfingurs og litla fingurs og veldur því, að fingurnir klemmast saman. Einnig er ör yfir grunnkjúku baugfingurs handarbaksmegin.

Höndin er mjög lítilfjörleg til allra átaka, en einnig illa hæf til finni gripa vegna stirðleika á baugfingri og litla fingri.

Ályktun: Hér er um að ræða 21 árs gamlan mann, sem slasaðist við vinnu, er hann var 13 ára gamall, og skaddaðist illa á hægri hendi.

Sem afleiðingu meiðslisins þá hefur hann varanlega örorku, og telst sú örorka hæfilega metin 25%“.

Eins og áður er fram komið, var stefnandi á 14. aldursári, er hann varð fyrir umræddu slysi, fæddur 29. nóvember 1941. Hann var þá á skyldunámsstigi miðskóla og átti fyrir höndum síðara námsárið. Hann fór ekki í skóla haustið 1955 og mun eigi hafa stundað skólanám eftir það. Kveðst stefnandi hafa átt erfitt með að skrifa eftir slysið og eigi treyst sér til frekari skólagöngu vegna meiðslanna.

Stefnandi byrjaði fyrst vinnu eftir slysið sumarið 1957. Vann þá sem aðstoðarmaður hjá byggingarfélagi. Hefur hann alla tíð unnið síðan. Á árunum 1958 og 1959 var hann léttadrengur á skipi, en frá 1964 hefur hann ekið bifreið.

Samkvæmt staðfestum afritum og ljósritum af skattframtölum stefnanda hafa launatekjur hans verið sem hér greinir árin 1961 til 1966: ár 1961 kr. 63.778.00, ár 1962 kr. 93.566.00, ár 1963 kr. 114.222.00, ár 1964 kr. 176.106.00, ár 1965 kr. 186.283.00 og ár 1966 kr. 244.018.00.

Fyrstu 3 ár þessa tímabils eru laun stefnanda frá mörgum aðiljum hvert ár. Árið 1964 eru launin að verulegum hluta frá Vélasjóði Kópavogs, árið 1965 eingöngu frá þeim aðilja og árið 1966 að langmestu leyti.

Skattframtal stefnanda 1963 ber með sér, að hann hefur kvænt 27. desember 1962. Hann virðist hafa 3 börn á framfæri sínu.

K. G. Guðmundsson, cand. act., hefur reiknað út áætlað atvinnutjón stefnanda á grundvelli þeirrar örorku, sem honum er metin samkvæmt framanskráðu. Er útreikningur þessi dags. 6. september 1965. Tryggingafræðingur bendir á, að miklum vandkvæðum sé bundið að ákveða, við hvaða starfsgrein skuli miða, þar sem stefnandi var á barnsaldri, er hann slasaðist. Með

hliðsjón af því starfi, sem hann gegndi, er slysið varð, og þar eð hann hefur eigi aflað sér sérþekkingar á neinu sviði, velur hinn sérfróði maður þann kost að miða útreikninga sína við verkamannatekjur. Tekur hann fram, að með því sé fremur miðað við lágar en of háar atvinnutekjur.

Tryggingafræðingurinn hafði eigi við að styðjast tekjur stefnanda árin 1965—1966, þar sem útreikningurinn er gerður á fyrrnefnda árinu. En hann vekur athygli á því, að launatekjur stefnanda 1961—1964 gefi ekki til kynna raunhæfa 25% örorku. Jafnframt tekur hann fram, að tekjuöflun stefnanda hljóti að hafa kostað hann miklu meiri áreynslu en mann með fulla starfsorku. Og engin vissa sé fyrir því, að stefnandi geti haldið sams konar vinnutekjum um ófyrirsjáanlega framtíð.

Örorkumatið tekur einungis til varanlegrar örorku. Ljóst er, að um verulega tímabundna örorku hefur verið að ræða allengi eftir slysið. Kveðst tryggingafræðingurinn gera ráð fyrir, að örorkan hafi farið jafnlækkandi úr 100% í 25% frá 11. nóvember 1955 til 15. september 1959.

Tryggingafræðingurinn getur þess, að samkvæmt athugun Hagstofunnar á meðalvinnutekjum giftra verkamanna í Reykjavík séu þær um 41% hærri en kaup fyrir dagvinnu samkvæmt lægsta kauptaxta Dagsbrúnar. Kveðst hann gera ráð fyrir því, að 3 árum eftir að stefnandi kvænist, hafi vinnutekjur hans verið komnar 41% yfir dagvinnukaup samkvæmt Dagsbrúnartaxta. Frá 16 til 21 árs aldurs gerir hann ráð fyrir jafnri árlegri hækkun vinnutekna úr 75% í 100% af dagvinnukaupi. Næstu 3 árin eftir stofnun hjúskapar er einnig reiknað með jöfnum árlegum hækkunum. Visitöluhækkun pr. 1. september 1965 er reiknuð með.

Reiknað á þann hátt, er að framan greinir, verður áætlun tryggingafræðingsins um atvinnutjón stefnanda sú, að frá 15. september 1955 til 15. september 1956 hafi það numið kr. 8.836.00, nemi síðan á árabílinu frá 1956 til 1966 allt frá kr. 10.441.00 á ári til kr. 34.010.00 á ári, en muni nema eftir 1966 kr. 34.010.00 árlega. Verðmæti þessa vinnuteknaþaps reiknast honum, að nemi miðað við slysdag kr. 405.019.00. Tekið er fram, að hlutur árána 1961—1964 í þessari heildartölu sé kr. 47.327.00, en á þeim árum virðist örorkan eigi hafa verið raunhæf, svo sem áður var vikið að.

Aðrar forsendur að útreikningunum eru 6% ársvextir, dánarlíkur ísl. karla samkvæmt reynslu á árunum 1951—1960 og líkur fyrir missi starfsorku í lífenda lífi eftir sænskri reynslu. Frádráttur vegna opinberra gjalda er ekki gerður. Það kemur fram,

að stefnandi hefur fengið vegna slyssins dagpeninga frá Tryggingastofnun ríkisins, kr. 3.640.00, og örorkubætur, kr. 33.448.00, eða alls kr. 37.088.00.

Stefnandi leggur útreikning tryggingafræðingsins til grundvallar kröfugerð sinni samkvæmt þessum lið, en dregur frá niðurstöðutölu hans greindar bætur frá Tryggingastofnun ríkisins.

Stefndi mótmælir þessum lið sem of háum, þar sem stefnandi hafi unnið fulla vinnu til þessa og eigi verði séð, að afleiðingar slyssins hafi nokkur áhrif haft á tekjuöflun hans.

Þegar virt er það, sem að framan er rakið um örorku stefnanda af völdum umrædds slyss, útreikning áætlaðs örorkutjóns og að örorkunnar virðist eigi hafa gætt til fulls undanfarin ár, þá þykir hæfilegt að meta tjón stefnanda samkvæmt þessum lið kr. 250.000.00. Hafa þá verið dregnar frá bætur þær, sem hann samkvæmt framanskráðu hefur notið frá Tryggingastofnun ríkisins og m. a. tekið tillit til skattfrelsis bóta og að vaxtafótur er almennt hærri en 6% p. a.

Um 2. Stefndi hefur mótmælt þessum kröfulið sem of háum.

Lagðar hafa verið fram ljósmyndir af hinni lemstruðu hendi stefnanda. Sést glögg á þeim, að stefnandi ber mikil lýti eftir slysið. Þegar meiðslin og afleiðingar þeirra eru virt, þykir hæfilegt að meta tjón stefnanda fyrir þjáningar, lýti og röskun á stöðu og högum kr. 80.000.00.

Um 3. Hér er krafizt greiðslu á endurgjaldi fyrir aukavinnu og umstang á heimili foreldra stefnanda, meðan hann lá rúmfastur eftir slysið og eftir það, svo og greiðslu á útlögðum kostnaði í því sambandi.

Stefndi mótmælir því, að þessi liður geti átt nokkurn rétt á sér. Í fyrsta lagi sé hann alveg örökstuddur, en jafnvel þótt hann væri gögnum studdur, þá sé hann ekki eðlileg afleiðing slyssins og varði því eigi bótaskyldu.

Það verður að fallast á það með stefnda, að skilyrði bresti til þess að lögum að taka kröfulið þennan til greina.

Um 4. Þessi kröfuliður sætir ekki andmælum. Hann verður því tekinn til greina að fullu.

Samkvæmt framanskráðu telst bótaskyld tjón stefnanda af völdum slyssins nema allt kr. 330.750.00 (kr. 250.000.00 + kr. 80.000.00 + kr. 750.00). Samkvæmt áðurgreindri skiptingu fébótaábyrgðar ber stefnda að bæta $\frac{3}{4}$ tjónsins, kr. 248.062.50.

Stefndi hefur mótmælt, að vextir verði dæmdir lengra aftur í tímann en 4 ár frá dagsetningu stefnu, 13. ágúst 1965, þar eð

vextir frá fyrri tíma hafi verið fyrndir, er málið var höfðað.

Samkvæmt 2. tl. 3. gr. laga nr. 14/1905 voru eldri vextir en 4 ár aftur í tímann fyrndir, er mál þetta var höfðað. Ber því að reikna vexti af dæmdri fjárhæð frá 13. ágúst 1961, svo sem stefndi ætlast til.

Þar sem bæði hefur verið veitt í málinu gjafsókn og gjafvörn, eru eigi efni til þess að dæma málskostnað, en málflytningslaun lögmannna aðilja, Andrésar Valdimarssonar, cand. jur., og Erlings Bertelssonar, cand. jur., sem greiðast úr ríkissjóði, þykja hæfilega ákveðin kr. 38.000.00 til hvors. Er þar tekið tillit til ferðakostnaðar samfara rekstri málsins í öðru lögsagnarumdæmi.

Dómsorð:

Stefndi, Ragnar Sigurðsson, greiði stefnanda, Guðmundi Jakobssyni, kr. 248.062.50 með 7% ársvöxtum frá 13. ágúst 1961 til 1. janúar 1965, 6% ársvöxtum frá þeim degi til 1. janúar 1966, en 7% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags. Málflytningslaun skipaðs lögmanns stefnanda, Andrésar Valdimarssonar, cand. jur., og skipaðs lögmanns stefnda, Erlings Bertelssonar, cand. jur., kr. 38.000.00 til hvors, greiðist úr ríkissjóði.

Dóminum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 25. október 1968.

Nr. 137/1967. **Haraldarbúð h/f**

(Jón Bjarnason hrl.)

gegn

Almennum tryggingum h/f

(Einar B. Guðmundsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Vátrygging.

Dómur Hæstaréttar.

Afrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 18. september 1967. Hann krefst þess, að stefnda verði dæmt að greiða honum kr. 37.771.00 með 7% ársvöxtum